



Ljósmynd: ENsu.

Mesta rennsli í Ölfusá síðan 2013

Rennsli í Ölfusá hefur verið með mesta magni í janúar. Það náði hámarki við Selfoss þegar rennsli mældist um 1400 m³/3 15. janúar.

Vatn flæddi upp yfir bakka sína neðan við Lækjahverfi. ENsu greindi frá því. Ísstífla

myndaðist í ánni frá Flugunesi og niður fyrir Ferjunes. Vatn flæddi yfir veginn að Kotferju og einnig yfir veginn að Arnarbæli, neðan við Auðsholtshjálegu. Miklir vatnavextir voru á austurbakka árinna á þessum slóðum. Vatn tók að hækka

skarp og rann yfir veginn, tún og engjar. Ölfusforir voru eins og hafsjór yfir að líta.

Þetta er mesta rennsli sem mælst hefur síðan 2013 þegar hámarksrennsli náði rétt um 1430 m³/s við Selfoss.



Bjarni Guðmundsson lætur af störfum hjá SASS

Stjórn SASS (Sambands Sunnlenskra sveitarfélaga) og Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri hafa komist að samkomulagi um starfslok hans hjá samtökunum. Bjarni, sem hefur verið framkvæmdastjóri SASS í tíu ár, hefur þegar látið af störfum.

„Ég er þakklátur fyrir að hafa fengið tækifæri til að byggja upp samtök sveitarfélaga á Suðurlandi sem sinna mikilvægu hlutverki í byggðapróun. Ég er

stoltur af þeim árangri sem samtökin hafa náð í þessum grósku- og kraftmikla landshluta. Framtíðin er svo sannarlega björt fyrir Sunnlendinga og tækifærin fjölbreytileg í atvinnumálum, listum og menningu,“ segir Bjarni. „Góður árangur við að gæta hagsmuna sveitarfélaga og íbúa Suðurlands, sem hefur stuðlað að jákvæðri byggðapróun, hefði ekki náðst nema með samhentum átaki allra. Ég þakka starfsfólki og stjórnar-

mönnum SASS, kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnunum, íbúum og forráðamönnum fyrirtækja fyrir samstarfið á liðnum árum.“

„Stjórn SASS þakkar Bjarna Guðmundssyni fyrir framlag hans við að styrkja stöðir atvinnu- og mannlífs á Suðurlandi og óskar honum velfarnaðar í því sem hann tekur sér fyrir hendur,“ segir Anton Kári Halldórsson, stjórnarformaður SASS.

Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

NÝR TOYOTA PROACE



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

Toyota
Selfossi



Tryggjum ánægðustu viðskiptavinina

Sjóvá hefur verið efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni 8 ár í röð



Íslenska ánægjuvogin mælir og verðlaunar þau fyrirtæki sem skara fram úr í ánægju á sínum markaði

Sjóvá Selfossi | Austurvegi 38 | sjova.is | 440 2000 | sjova@sjova.is



Píla vinsæl í Rangárþingi ytra

Pílu nefnd ungmennafélagsins Heklu hélt nýlega mót í íþróttahúsinu á Hellu. Viktor Eiríksson sigraði mótið og Kristinn Sigurlaugsson sigraði svokallaðan forsetabikar.

Þetta er annað mót nefndarinnar sem var formlega stofnuð á síðasta aðalfundi umf. Heklu, haustið 2024. Æfingar hópsins hófust þó mun fyrir eða í mars 2022. Sindri Snær Bjarnason, formaður nefndarinnar, segir að þá hafi þetta verið 6 manna hópur sem hefur farið ört stækandi. Hann tekur einnig fram að undanfarið hafi píla verið í boði sem valgrein hjá Grunnskólunum á Hellu og hafi hún verið eftirsóttasta valgreinin síðustu misseri.

Áhuginn er augljóslega mikill og fer vaxandi. Æft er tvisvar í viku og iðkendahópurinn

stækkar sífellt. Á fyrsta mótnu tóku 13 þátt en í þetta skiptið mættu 26 til leiks svo ljóst er að pílan er í sókn.

Æft er á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 20–22 í

kjallara íþróttahússins á Hellu og hvetur Sindri öll áhugasöm til að mæta og kasta með þeim.

Píla hentar fólki á öllum aldri og ekki þarf neina reynslu til að byrja.



Árborg endurnýjar þjónustusamninga

Mikið er um að vera þessa dagana í undirskriftum þjónustusamninga í Sveitarfélaginu Árborg. Sveitarfélagið og Umf. Stokkseyri skrifuðu á dögnum undir endurnýjun á þjónustusamningi sínum.

Það voru Bragi Bjarnason bæjarstjóri Árborgar og Ingi Þór Jónsson formaður Umf. Stokkseyri sem skrifuðu undir samninginn sem gildir út árið 2025.

Ungmennafélagið fær greiddan styrk til reksturs þess auk þess sem félagið tekur að sér hin ýmsu verkefni. Má þar nefna rekstur íþróttahússins á Stokkseyri auk umsjónar með knattspyrnuvöllumum á Eyrarbakka og Stokkseyri. Þá sér félagið áfram um Bryggjuhátíðina

og ýmis verkefni í kringum jóla og áramót.

Sveitarfélagið gerði einnig nýjan þjónustusamning við Hestamannafélagið Sleipni á dögnum. Bragi Bjarnason og Berglind Sveinsdóttir formaður Sleipnis skrifuðu undir samninginn sem gildir út árið 2025.

Um er að ræða þjónustusamning sem felur í sér styrk til reksturs félagsins og framlags til barna- og unglíngastarfs. Einnig var gerður samningur um stuðning til reksturs félagshesthúss til næstu þriggja ára. Með verkefninu er börnum og unglíngum sem eru að stíga sín fyrstu skref í hestaíþróttum gefinn kostur á að fá aðgang að hesti og aðstöðu og þau studd áfram í starfinu.

Umf. Selfoss stofnar píludeild

Ungmennafélag Selfoss stendur fyrir stofnfundi píludeildar félagsins fimmtudaginn 23. janúar næstkomandi. Fundurinn verður kl. 20:00 í félagsheimilinu Tíbrá að Engjavegi 50 á Selfossi. Píla hefur notið mikilla vinsælda á síðustu árum og þeim fjölga sífellt sem hafa áhuga á að stunda hana.

Dagskrá fundarins:

- Stofnun píludeildar Umf. Selfoss.
- Kosning stjórnar skv. 13. grein laga Umf. Selfoss.
- Önnur mál og umræður um starf og hlutverk deildarinnar.

Öll eru velkomin á fundinn.



Leitum að reyndum rafvirkja á starfsstöð okkar í Vestmannaeyjum

Frekari upplýsingar á hsveitur.is/storf

Við færum fólki birtu, yl og vatn

hsveitur.is



HS VEITUR



Samband sunnlenskra kvenna afhenti HSu gjafir

Þann 14. janúar fór fram formleg afhending á tveimur gjöfum sem Samband sunnlenskra kvenna gaf til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands í Árnes- og Rangárvallasýslum á árinu 2024. Annars vegar var þetta gjöf til heilsugæslunnar á Selfossi, lífsstílmóttöku, en þangað var gefið tækið Tanita Body Composition Analyzer sem mælir líkamssamsetningu; verð þessa tækis var 1.206.465 krónur. Þetta tæki nýtist til meðferðar þeirra sem eru yfir kjörþyngd, t.d. barna og ungmenna, fólks með sykursýki og einnig nýtist tækið fyrir full-orðið fólk á heilsugæslunni sem nýtir sér heilsueflandi móttöku vegna offitu og ýmissa tengdra sjúkdóma. Samskonar tæki var svo gefið til heilsugæslunnar í Rangárþingi á haustmánuðum og kostaði það 1.281.870 krónur. Alls gaf því Samband sunnlenskra kvenna Heilbrigð-

isstofnun Suðurlands gjafir fyrir 2.488.335 krónur á árinu 2024. Með því að þessi tæki séu komin á heilsugæslurnar í báðum sýslum, þá er þjónustan komin til fólksins og það þarf ekki að ferðast um langan veg. Samband sunnlenskra kvenna fjármagnar þessa styrki sína eingöngu með sölu gjafakorta, sem eru til sölu á heilsugæslustöðvunum í Árnes- og Rangárvallasýslum og einnig hjálpast allar félagskonurnar í kvenfélögunum 25 sem eru í SSK, að við að selja kortin, en seld eru 4 kort saman á 2.500 krónur. Einnig er hægt að hafa samband við stjórnarkonur í SSK ef ykkur vantar kort, eða við Sólveigu formann í síma 869 6534 eða á email ssk@kvenfelag.is.

Sjúkrahússjóður Sambands sunnlenskra kvenna var stofnaður árið 1952, þegar byrjað var að safna fyrir sjúkrahúsi með framlögum frá kvenfélögunum en frá árinu 1968 hefur fjár verið aflað með fjáröflunum og var byrjað að selja jólakort það ár sem hefur svo þróast yfir í gjafakort á síðustu árum. Þessar gjafir sem nú eru gefnar eru framlag allra 870 kvennanna sem eru félagskonur kvenfélaganna í Árnes- og Rangárvallasýslum til heilbrigðismála í umdæminu þeirra og vonast þær til að þessar gjafir nýtist vel og þakka þær af alhug öllum sem hafa veitt þessu verkefni stuðning.



Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

ALHLIÐA BYGGINGA-VERKTAKAR

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHOUSEHF@GMAIL.COM



Traustbyggingar

Þín traustu byggingarþjónusta!

Smíðavinna
Klæðningar
Uppsetning glugga
Uppsetning hurða
Uppsetning gífsplatna
Þakvinna
Smíði svalir, palla og girðingar

verk@byggingar.is | Sími 771 6080

Gæði og fagmennska í hverju smáatriði!

Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

Beinskiptur / Sjálfskiptur bíll



BRAGA AF VINATTU!

Fæst hjá **BYKO** Selfossi

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

LAGNALAND
LAGNALANDSNIÐ

Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

**NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENSLI - VIÐGERÐIR**

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

Lagnþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyirn.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

LAGNIR

**ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is